

Mál nr. 56/2011

Frávísun

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar

Ágreiningur um afleiðingar umferðarslyss þann 25.08. 2010.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.02. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.03. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félagið telur ekki liggja ljóst fyrir hver aðdragandi þess atviks var sem er tilefni málskotsins. M var farþegi í umræddri sendibifreið. Ökumaður hennar mun hafa ekið henni uppá grjótagarð við hlið vegar sbr. gögn málsins. Bifreiðin fór half uppá garðinn, ökumannsmegin en hinn hluti hennar var ennþá á veginum sjálfum. Takmarkaðar eða engar ákomur voru á bifreiðinni. Félagið telur að eymsli M séu ekki að rekja til óhappsins. Sérstaklega sé vísað til tveggja skoðana á bifreiðinni sem báðar “staðfesti að engar skemmdir eða ákomur urðu á bifreiðinni þennan umrædda dag.” Félagið telur engan kost annan en að hafna bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Með hliðsjón af takmörkuðum gögnum máls þessa er mál þetta það óljóst og illa upplýst að það er ekki tækt til úrskurðar. Ósannað er að M, farþegi í umræddri bifreið, hafi slasast í umrætt sinn. Hann hefur ekki sýnt fram á að eymsli sín megi rekja til þess óhapps sem hér um ræðir.

Með hliðsjón af framanrituðu og e lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar er máli þessu vísað frá.

Mál sem vísað er frá er unnt, gegn greiðslu málskotsgjalds, að taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað.

Niðurstaða.

Frávísun skv. e lið 4. gr. samþykktu úrskurðarnefndar.

Reykjavík 21. mars 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.